

Fimmtudaginn 22. september 1988.

Nr. 302/1988. **Bjarni Jónasson**

gegn

stjórn verndaðs vinnustaðar

Vestmannaeyjum,

Heimaeyjar kertaverksmiðju

Kærumál. Frávisunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. t.l. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið frávisunardómi héraðsdómara í Vestmannaeyjum frá 15. júlí 1988 til Hæstaréttar með kæru 26. s.m., sem barst Hæstarétti 20. september sl. Hann krefst þess að frávisunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Lög nr. 41/1983 um málefni fatlaðra mæla fyrir um verndaða vinnustaði. Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laganna greiðir ríkissjóður alfarið rekstrarkostnað þeirra nema þar sem um sértekjur er að ræða. Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum hefur verið á A-hluta fjárlaga. Eins og kröfum sóknaraðila er háttað þykir ekki hjá því komist að stefna fjármálaráðherra til fyrirsvars fyrir ríkissjóð og félagsmálaráðherra f.h. félagsmálaráðuneytis en það ráðuneyti fer með málefni verndaðra vinnustaða. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða dóm að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 15. júlí 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 6. þ.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. maí 1988 en birtri 21. maí sl., af Bjarna Jónassyni, nnr. 1219-7769, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum,

á hendur Jóni Kjartanssyni, nnr. 5159-9993, Ásavegi 12, Vestmannaeyjum, stjórnarmanni, fyrir hönd stjórnar Verndaðs vinnustaðar Vestmannaeyjum, Heimaeyjar kertaverksmiðju, nnr. 3868-0358.

Í stefnu gerir stefnandi svohljóðandi dómkröfur:

- „1) Að notkun merkis þess, sem stefnandi er höfundur að og notað er á umbúðir framleiðsluvara Heimaeyjar kertaverksmiðju verði bönnuð með dómi.
- 2) Að sama merki, sem málað er á stafna húseignarinnar nr. 46 við Faxastíg, Vestmannaeyjum, verði máð út.
- 3) Varakrafa er gerð um að verði ekki fallist á kröfur 1. og 2. liðar hér að ofan, þá verði stefnanda dæmdar bætur kr. 500.000 — krónur fimm hundruð þúsund — eða önnur fjárhæð eftir mati dómsins fyrir notkun á hugverki stefnanda gegn vilja hans og fyrir miska, hneisu og önnur óþægindi.
- 4) Að stefndi verði dæmdur til greiðslu hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins og venjum sem um slíkt hafa skapast.“

Af hálfu stefnda var tekið til varna í málinu og í greinargerð gerðar eftirfarandi dómkröfur:

„Að stefndu verði algjörlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað eftir mati réttarins.“

Niðurstaða.

Það er álit dómarans, að atriði er varða aðild málsins varnarmegin og óljósa kröfugerð stefndanda leiði til „ex officio“ frávisunar málsins.

Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum lýtur lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983 og reglugerð nr. 329/1983 um verndaða vinnustaði, sem sett er samkvæmt þeim lögum.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 41/1983 segir, að markmið laganna sé að tryggja fötludum jafnrétti og sambærileg líf skjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu, þar sem þeim vegnar best. Í 3. gr. laganna segir, að málefni fatlaðra heyri undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisþjónusta, þ.m.t. læknisfræðileg endurhæfing, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðslu- og uppeldismál undir menntamálaráðuneytið, félagsleg hæfing og endurhæfing, atvinnumál og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Í 2. mgr. 3. gr. laganna segir, að félagsmálaráðuneytið skuli annast málefni fatlaðra samkvæmt lögum þessum.

Í 4. gr. laganna segir, að landinu skuli skipt í átta starfsvæði, hvað málefni fatlaðra snertir, og eru Vestmannaeyjar í 8. svæði undir Suðurlandi.

Í 7. gr. laganna eru tilgreindar þær stofnanir, sem eru fyrir fatlaða,

og þ. á m. er í 10. lið 1. mgr. þeirrar greinar tilgreindir verndaðir vinnustaðir.

Í samræmi við 26. gr. laganna kemur ríkið á fót vernduðum vinnustöðum og greiðir ríkið 85% stofnkostnaðar og sveitarfélög 15%, en af gögnum málsins þykir mega ráða, að vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum hafi verið komið á fót í byrjun árs 1984.

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laganna ber ríkissjóði að greiða allan rekstrar-kostnað Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, en undanskildar eru þó sértekjur.

Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum er ríkisstofnun á A-hluta fjárlaga.

Fötluðu fólki í Vestmannaeyjum er veitt tækifæri til að sækja vinnu hjá Vernduðum vinnustað Vestmannaeyjum, sem rekur kertaverksmiðju í húsinu Faxastíg 46 hér í bæ. Kertaverksmiðjan hefur fengið nafnið Heimaey og eins og fram kemur í stefnu hefur hún nafnnr. 3668-0358.

Samkvæmt veðbókavottorði, sem frammi liggur í málinu fyrir fasteignina Faxastíg 46, þar sem framangreind starfsemi fer fram, eru tilgreindir eigendur Ríkissjóður Íslands / Verndaður vinnustaður.

Vörumerki það, sem um er fjallað í máli þessu, er málað á stafna húsignarinnar nr. 46 við Faxastíg, en stefnandi gerir kröfu um að merkið verði máð út af fasteigninni.

Í máli þessu gerir stefnandi eins og að framan greinir kröfu um, að notkun þessa tiltekna merkis, sem stefnandi kveðst vera höfundur að, verði bönnuð með dómi og eins og að framan greinir að sama merki verði máð út af umræddri fasteign. Varakrafa stefnanda hljóðar um greiðslu á skaðabótum honum til handa úr hendi stefnda fyrir notkun á hugverki stefnanda gegn vilja hans og fyrir miska, hneisu og önnur óþægindi. Þá er krafist málskostnaðar.

Í samræmi við það sem hér að framan greinir verður að telja að ríkissjóður Íslands eigi óskipta sakaraðild með Vernduðum vinnustað Vestmannaeyjum, Heimaey kertaverksmiðju, í máli þessu.

Þar sem ríkissjóði Íslands, þ.e. fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og eftir atvikum félagsmálaráðherra f.h. Verndaðs vinnustaðar Vestmannaeyjum, Heimaeyjar kertaverksmiðju ásamt með Vernduðum vinnustað Vestmannaeyjum, Heimaey kertaverksmiðju, hefur ekki verið stefnt í máli þessu og þeim þannig ekki gefist kostur á að svara til saka í málinu, leiðir það, sbr. 46. gr. laga 85/1936, til ex officio frávisunar.

Kröfugerð stefnanda er að ýmsu leyti óljós.

Til skýringar á því að notkun merkisins, sem notað er á umbúðir framleiðsluvara Heimaeyjar kertaverksmiðju, eigi að banna með dómi, sbr. aðalkröfu, tilnefnir stefnandi í greinargerð að hann telji að það stefni í

að vörumerki sitt verði notað í öðru samhengi en hann hafi ætlast til. Hér kemur til álita ákvæði 1. mgr. 69. gr. laga 85/1936, en þar segir: „Ef mál er höfðað til úrlausnar um rétt og skyldu, sem sækjandi játar, að enn sé ekki til orðin, eða ljóst er að svo er, en síðar kann að verða til, þá skal vísa máli frá dómi.“

Enga tilraun gerir stefnandi til að skýra hvernig hann fær út höfuðstól fjárhæðar þeirrar, er hann miðar við, er hann gerir varakröfu sína um greiðslu skaðabóta úr hendi gagnaðila. Þá verður ekki séð að skaðabótakrafan sé að neinu leyti skýrð eða rökstudd í stefnu eða greinargerð.

Málsástæður eru ennfremur alls ekki nægilega afmarkaðar eða tilgreindar og uppsetning og lýsing á atvikarás er nokkuð ruglingsleg. Stefnu og greinargerð stefnanda má að ýmsu leyti líkja við aðilaskýrslu og er það andstætt réttarreglum er um munnlegan málflutning gilda.

Málatilbúnaður stefnanda er þannig ekki nægilega skýr og glöggur en það leiðir vegna vanreifunar til frávisunar málsins, sbr. 88. gr. d-liðar laga 85/1936 og þeirra meginreglna, er fram koma í 105. og 114. gr. laganna.

Í samræmi við það sem að ofan greinir og með tilvísun til framangreindra lagagreina þykir óhjákvæmilegt að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.